



Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

**FORSETI ÍSLANDS  
OG ÍSLENSKA ÞJÓÐIN  
HLJÓTA VERÐLAUN CORNELL HÁSKÓLA**

Cornell háskólinn í Bandaríkjunum veitti á föstudaginn 21. nóvember 2014 forseta Íslands Ólafi Ragnari Grímssyni og íslensku þjóðinni heiðursverðlaun fyrir forystu á sviði endurnýjanlegrar orku og sjálfbærni. Þetta er í fyrsta sinn sem verðlaunin eru veitt og fór athöfnin fram í Íþöku í New York ríki.

Verðlaunin, sem bera heitið The Atkinson Center Award for Global Leadership in Sustainable Development, eru tengd sérstakri stofnun við Cornell háskóla, sem einbeitir sér að eflingu endurnýjanlegrar orku, umhverfismálum og sjálfbærni. Stofnunin hefur starfað frá árinu 2008 en Cornell hefur lengi verið meðal fremstu háskóla í Bandaríkjunum.

Í ávarpi sem forseti Íslands flutti við þetta tækifæri þakkaði hann þann heiður sem sér og íslensku þjóðinni væri sýndur með þessum verðlaunum. Fyrr um daginn hafði forseti flutt fyrirlestur við háskólann um hagkerfi hreinnar orku, vegferð Íslendinga frá nýtingu olíu og kola til fjölpætts atvinnulífs sem byggðist á jarðhita og vatnsafla. Jafnframt gerði forseti grein fyrir framlagi íslenskra vísindamanna og sérfræðinga, orkufyrirtækja og verkfræðifyrirtækja til nýtingar jarðhita í fjarlægum heimshlutum, einkum í Asíu og Afríku. Umbylting í orkukerfum landa heims væri forsenda árangurs í baráttunni gegn yfirvofandi hættu á ógnvekjandi loftslagsbreytingum. Fyrirlestur forseta verður hægt að nálgast á vef Cornell háskóla á næstu dögum.

Forseti Íslands hefur jafnframt í heimsókninni til Cornell átt fundi með forustumönnum ýmissa deilda háskólans, einkum á sviði orkumála,

verkfræði og jarðvísinda. Á þeim var m.a. rætt um frekara samstarf Íslands og Cornell um jarðhitarannsóknir og jarðhitanytingu. Prófessor Jefferson W. Tester, einn fremsti sérfræðingur Bandaríkjanna á sviði jarðhita, skipulagði fundina en í þeim tóku einnig þátt m.a. Þorsteinn I. Sigfússon, forstjóri Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, og Albert Albertsson, aðstoðarforstjóri HS Orku, sem komu til Cornell í tilefni af verðlaunaveitingunni.

Þá átti forseti einnig fund með íslenskum stúdentum sem stunda nám við Cornell háskóla og öðrum stúdentum við skólann sem einkum leggja stund á rannsóknir á sviði jarðhitanytingar, kolefnisbindingar og hreinnar orku. Ýmsir þeirra höfðu heimsótt Ísland í sérstökum námsferðum.

*Mynd frá verðlaunaafhendingunni má nálgast á vef forsetaembættisins, forseti.is.*

*23. nóvember 2014*

*Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).*